

Sp. 545. Tillaga til þingsályktunar

um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Jónas Guðmundsson, Garðar Þorsteinsson, Emil Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Einar Árnason, Sigurður Einarsson, Jóhann Jósefsson, Guðbrandur Ísberg, Þorsteinn Briem.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

G r e i n a r g e r ð .

Fyrir Alþingi því, er nú situr, liggja mörg frumvörp frá einstökum þingmönnum um nýja tekjustofna handa ýmsum bæjar- og sveitarfélögum, tillögur um að létta af bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðum gjöldum, sem nú hvíla á þeim, og ennfremur frumvarp um að láta fasteignaskattinn til ríkissjóðs renna til sýslu- og bæjarsjóða.

Allar þessar tillögur sýna, að nú þegar er orðið svo erfitt fyrir sveitarfélögin að hjargast með þeim tekjustofnum, sem þau nú hafa, að ekki má það lengur dragast, að hér sé bót á ráðin.

Það mun líka almennt viðurkennt nú orðið, að útsvörin, sem telja má hinn eina verulega tekjustofn bæjar- og sveitarfélaganna, eru ekki nægilega tryggur tekjustofn til þess að á þeim verði byggð öll afkoma bæjar- og sveitarsjóðanna í framtíðinni.

Þingsályktunartillaga þessi er því fram borin til þess, að Alþingi gefist kostur á að segja til um, hvort það vill taka mál þetta í heild upp til endurskoðunar, með það fyrir augum, að á næsta ári fáið komið á löggjöf, er skapi bæjar- og sveitarsjóðunum tryggari og meiri tekjur en þeir nú hafa.

Fyrir tillögunni mun gerð nánari grein í framsögu.